

# Bráðabirgðaákvæði fyrir reglur um leikskólaþjónustu

## *Breytingar vegna opnunartíma, skipulagsdaga og sumarleyfis leikskóla ( 9. gr.)*

Leikskólinn Mánaland er opinn frá 7:45 – 16:15 mánudag til föstudags. Lágmarksvistun er 3 dagar í viku og skulu þeir dagar vera samfelldir. Að lágmarki er hægt að óska eftir 4 klst. dvöl og að hámarki 8.5 klst. á dag en aldrei fleira dvalarstundir en 35 klukkustundir á viku. Foreldrar hafa valkost á sveigjanlegum vistunartíma milli daga innan viku en þó ekki breytilegum milli vikna. Foreldrar tilkynna leikskólastjóra um vistunartíma við upphaf haust- og vorannar. Mikilvægt er að umsaminn vistunartími sé virtur.

Þótt barn sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir dvölinu.

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í þrjár vikur samfelt eða lengur geta foreldrar sótt um niðurfellingu fæðiskostnaðar. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið haf ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um afsláttinn innan tveggja mánaða frá því að veikindum lýkur. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa leikskólastjóra um að barnið hafi hafið leikskóladvöl að nýju.

Fari leikskólabarn í frí á vistunartíma, t.d. vegna ferðalaga greiðast leikskólagjöld engu að síður enda ljóst að barnið verður í vistun að leyfistíma liðnum. Hægt er að sækja skriflega um niðurfellingu á fæðis- og bleyjugjaldi vegna fjarveru barns með 14 daga fyrirvara. Fjarvera barns er að lágmarki 10 virkir dagar. Vistunarpláss helst fram yfir sumarleyfi nema forráðamaður segi því upp.

Eyðublöð vegna niðurfellingar á fæðisgjaldi er að finna á heimasíðu leikskólans.

Skipulagsdagar starfsfólks eru sex á ári, nema fyrir liggja gildar ástæður um aukningu skipulagsdaga og þá eru þær ástæður háðar samþykki fjölskyldu-, frístunda- og mennignarráðs og sveitarstjórnar. Undirbúningsdagar starfsmanna eru fjórir á ári, þrjár við upphaf árs áður en leikskólann opnar eftir sumarlokun og einn við upphaf vor önn um áramót. Ekki er greitt vistunargjald á lokunardögum leikskóla á starfs- og undirbúningsdögum.

Kjarasamningsbundin réttindi starfsfólks til vinnustyttingar eru tekin út með lokun leikskólans á 12 dögum yfir árið í formi haustfrís, jólafrís, og dymbilviklu. Ekki er greitt vistunargjald á lokunardögum leikskóla vegna vinnustyttingar starfsfólks.

Foreldrum verða boðnir valfrjálsir skráningardagar tvisvar á árinu vegna daga sem skilgreindir eru sérstaklega fyrir foreldraviðtöl. Þá daga velja foreldrar hvort þeir skrá nemendur í skólann. Sérstök greiðsla er innheimt fyrir skráningardagana. Þeir foreldrar sem ekki nýta skráningardaga greiða ekki vistunargjöld þá daga. Skráningu lýkur 20 dögum fyrir skráningardag. Vistunargjöld fyrir skráningadagana greiðast með mánaðargjaldi.

Leikskólinn er lokaður í 5 vikur ár hvert yfir sumartímann. Ekki eru greitt vistunargjald fyrir þann tíma sem lokað er vegna sumarleyfa. Leikskólastjóri ákveður sumarlokun, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð. Gert er ráð fyrir að hvert barn fái a.m.k. 4 vikna sumarleyfi sbr. Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársdag. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólinn er lokaður alla þjóðhátíðardaga svokallaða „rauða daga“ eins og allir opinberir þjónustuaðilar. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Ef leikskólastjóri eða sveitarfélag metur nauðsynlegt að skerða leikskólaþjónustu mun næsti reikningur vegna leikskólavistar endurspeglar afslátt fyrir þann tíma sem þjónusta var skorin niður, þ.m.t. fæðisgjald tengt matartíma á meðan skerðing var.

## Greinargerð

Bráðabirgðaákvæði sem lagt er til er nauðsynlegt til að bregðast við breytingum á leikskólaþjónustu sem voru samþykktar á 665. fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps þann 16. maí 2024. Samþykktar breytingar snúast um að mæta þeirri áskorun að bæta starfsumhverfi leikskólans til þess að laða að fagfólk og bæta velferð og vellíðan barna og starfsfólks. Breytingarnar eru tímabundnar og takmarkaðar. Að ári liðnu verður ákvörðun um breytingar tekin til endurskoðun svo sem bráðabirgðaákvæði þess efnis.

Ekki fer á milli mála að leikskólinn hefur séð fagfólk í auknum mæli leita í önnur störf, sér í lagi í grunnskólum, eftir að leyfisbréfum var breytt á þann hátt að þau gilda fyrir öll skólastig. Illa hefur gengið að ráða inn leikskólakennara þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og mikið álag á starfsfólki hefur skilað sér í veikindum og röskunum á leikskólastarfinu.

Breytingartillögur til bráðabirgða á reglum um leikskólaþjónustu eru til bóta og koma til með að styðja leikskólastjóra við að bæta úr mönnunarfanda leikskólans og auka getu til að mæta þeim fjölbreyttu aðstæðum, skyldum og kröfum sem eru settar á leikskóla. Fulltrúar fjölskyldu-, frístunda- og menningarráðs taka hér að auki tillit til sjónarmiðs foreldra vegna skerðingar á þjónusta og boða þannig breytingar á innheimtu vistunargjalds, með því að fella niður gjald vegna starfs- og undirbúningsdaga og lokun til að mæta kröfu um vinnustyttingu starfsfólks. Í núgildandi reglum um leikskólaþjónustu er í 9. gr. segir „*Engin breyting verður á vistunargjöldum vegna lokunardaga leikskóla*“.

Ráðið vill taka fram að ljóst er að aðgerðum lýkur ekki með þessum breytingum. Samþykkt þessi, með þeim breytingum sem ráðið leggur til, er hins vegar stórt skref í rétta átt og mun skipta sköpum við að stuðla að áframhaldandi uppbyggingu leikskólaþjónustu Mýrdalshrepps og þar með tryggja stöðugleika í starfinu, farsæld barna og velferð og vellíðan starfsfólks. Ljóst er að mikilvægt er að fylgjast grannt með framvindu og innleiðingu breytinganna og leita allra leiða til að styðja áfram við að bæta starfsumhverfi leikskólans og leysa þann vanda sem hefur hvílt á leikskólanum í langan tíma.

Samþykkt í Fjölskyldu-, frístunda- og menningarráði þann 5. júní 2024

Samþykkt í sveitarstjórn Mýrdalshrepps þann 10. júní 2024